

Þórarinn Torfason

Horfir
-Sögur

Ylur 2015

(c)Þórarinn Torfason

PILSIÐ

„Gættu vel að pilsinu þínu,” hrópar hann á eftir henni, þegar hún gengur niður tröppurnar.

„Hvað áttu við?” spyr hún. Nemur staðar í tröppunum miðjum og lítur upp til hans sem stendur á efsta þrepinu.

„Jú,” segir hann og brosir til hennar. „Gættu þess að vindurinn nái ekki að smeygja sér undir það og feykja því upp.”

Hann blæs með vörunum til að líkja eftir vindinum.

Hún stendur hreyfingarlaus á sama stað og horfir á hann.

Finnur vindinn leika um hár sitt.

„Þá gæti það,“ heldur hann áfram „orðið að vængjum sem fljúga með þig þangað sem þú vilt alls ekki fara.”

Hann þagnar og horfir á hana. Hún horfir á hann.

„Og hvert ætti það að vera?” spyr hún svo.

„Það veist þú sjálf betur en ég,” svarar hann að bragði og rekur upp stutta hláturroku.

Hún segir ekkert heldur brosir bara til hans og heldur áfram niður tröppurnar.

Hann stendur hreyfingarlaus og fylgist með henni.

Þegar fætur hennar snerta jörðina fyrir neðan tröppurnar, finnur hún að vindurinn rífur kröftuglega í pilsid.

ÁREKSTUR

Gatan var hál og blaut eftir rigningu dagsins þegar ég keyrði heim úr vinnunni.

Dagurinn hafði verið langur og óvenju erfiður eitthvað, svo ég var venju fremur þreyttur og annars hugar. Yfirleitt hefi ég fulla og algjöra einbeitingu þegar ég sit undir stýri. En þennan dag eða öllu heldur þetta kvöld, því það var langt liðið á daginn og nánast komið kvöld, var því öðruvísi farið.

Fyrir framan mig var bíll sem stoppaði allt í einu mjög snögglega.

Ég var, eins og áður sagði, dálítið utan við mig og þreyttur og því voru viðbrögð mín ekki næglega röskleg. Ég var heldur seinn að stöðva bílinn minn, svo hann lenti aftan á þeim sem fyrir framan mig var. Áreksturinn varð að vísu ekki mjög harður enda bílinn ekki á mikili ferð. Þó var ég viss um að eitthvað hefði beyglast eða brotnað á öðrum hvorum bílnum eða báðum.

Ég sat kyrr smástund meðan mesta sjokkið leið hjá áður en ég opnaði dyrnar og steig út í rigninguna. Nánast á sama augnabliki opnaðist bílstjóraturðin á hinum bílnum og út steig ung og myndarleg stúlka sem ég heillaðist gjörsamlega af.

Hún sagði eitthvað sem ég heyrði varla því ég sá ekkert nema hana.

„Er ekki allt í lagi?“ spurði hún og kom þétt upp að mér svo ég fann ilminn af henni sem magnaðist í regninu.

Þegar ég svaraði ekki strax heldur hélt áfram að stara á hana, ýtti hún við mér og endurtók spurninguna. Þá var sem bráði af mér, um stund að minnsta kosti, svo ég gat sagt að það væri allt í lagi með mig.

Eitthvað fleira fór okkur á milli en ég man óljóst hvað það var. Vorum þó

sammála um að kalla ekki til lögreglu, enda skemmdir á bílunum ekki það miklar. Annað ljósið á bíl hennar brotnaði og stuðarinn beyglaðist aðeins. Skemmdirnar á mínum bíl voru enn minni. Annars var hann hvort eð var orðinn svo gamall og lúinn að ein eða tvær beyglur eða rispur til viðbótar höfðu ekkert að segja.

Við héldum hvort í sína áttina. Hún þangað sem hún var að fara og ég heim.

Mig dreymdi hana um nóttina.

Bjóst alls ekki við að sjá hana aftur en hugsaði sífellt um hana. Óskaði þess að leiðir okkar lægju saman á ný.

Trúði samt varla eigin augum þegar hún kom á verkstæðið löngu síðar með bílinn sinn og bað okkur að gera við það sem hafði skemmst þegar ég keyrði aftan á hana.

BENSÍNTITTURINN

Þegar bíllinn rennur upp að dælunni sprettur bensíntitturinn upp af hörðum stólnum.

Bölvar í hljóði og arkar út.

Dælir á bíllinn undir skyggningu sem gefur dálítið skjól fyrir regninu sem bylur fyrir utan. Fáeinir dropar ná þó innundir og skella á tittinum sem stendur við dæluna.

Hann klárar að dæla.

Fullvissar sig um að tankurinn sé orðinn fullur.

Bölvar í hljóði og drífur sig inn aftur.

Sest á harðan stólinn sem hefur varla náð að kólna.

KONA FÆR SÉR SÍGARETTU

Eftir ástarleikinn, þegar hann er sofnaður og farinn að hrjóta, sviptir hún sænginni af sér og stígur nakin fram úr rúminu.

Flísarnar á gólfinu eru kaldar undir iljum hennar.

Það er myrkur.

Aðeins ljóstíra frá ljósastaurnum fyrir utan varpar örlítilli birtu inn í herbergið.

Rétt nægilegri til að hún sjái móta fyrir honum í rúminu.

Hún horfir á hann sofandi, meðan hún fer í náttslöppinn sinn, vefur honum þétt að sér en er áfram berfætt.

Gengur síðan út úr herberginu, lokar varlega á eftir sér og fer inn í stofu.

Finnur sígarettupakka og kveikjara á stofuborðinu. Opnar svaladyrnar, kveikir í.

Blæs reyknunum út, eins og hún er vön.

Horfir út í myrkrið fyrir utan.

Hugsar.

MÁLVERKIÐ

Hún gengur út úr vinnustofu sinni.

Gætir þess vel að líta ekki til baka.

Á málverkið sem stendur fullbúið á trönunum.

Hún lokar dyrunum.

Læsir.

Gengur inn í eldhús með lykilinn í hendinni.

Leggur hann á eldhúsborðið.

Sest.

Fær sér kaffi.

Horfir á lykilinn meðan hún drekkur hvern kaffibollann af öðrum.

Skoðar hann svo vel að hún gæti hæglega teiknað hann með lokuð augu.

Hún klárar úr enn einum kaffibollanum. Stendur upp og tekur lykilinn.

Gengur að dyrum vinnustofunnar og horfir á þær góða stund.

Heldur á lyklinum í hendinni.

Hann vísar á skráargatið.

Hún snýr sér eldsnöggt frá dyrunum og gengur rösklega inn í eldhúsið aftur. Opnar ruslaskápinn undir vaskinum. Tekur pokann úr fötunni. Lætur lykilinn detta ofan í hann. Hnýtir fyrir og fer með hann út í tunnu.

Hún þarf ekki að skoða myndina sem stendur fullbúin á trönunum í vinnustofunni.

Hún veit að verki sínu er lokið.

HVAR?

Gamli maðurinn fetaði sig hægt og rólega um íbúðina, sem hann og kona hans höfðu búið í lengi og hann þekkti inn og út en nú var engu líkara en hún væri honum ókunnug.

Hann fór um hana alla.

Þreifaði sig nánast áfram líkt og hann væri blindur. Snerti hvern einasta hlut, opnaði hverja skúffu og fálmaði óstyrkum höndum ofan í hana. Opnaði alla skápa, hvort heldur var í eldhúsinu eða svefnherberginu. Snerti hvern bolla og disk og strauk yfir fötin í fataskápunum.

Kona hans fylgdist með honum en sagði ekki neitt.

„Hvar?“ spurði hann meðan hann hringsnerist um sjálfan sig í stofunni.

„Hvað?“ spurði kona hans, undrandi á þessu háttalagi.

Hann hafði aldrei hagað sér svona áður, þó hann ætti ýmislegt til. Það var einmitt eitt af því sem hún hafði fallið fyrir á sínum tíma hve óútreiknanlegur hann gat verið. Hún hélt reyndar að hún væri farin að þekkja allar hans hliðar en svona hafði hann aldrei hagað sér áður.

„Hvar?“ endurtók gamli maðurinn og virtist undrandi á að finna ekki það sem hann leitaði að.

Hann hélt áfram ferð sinni um íbúðina.

Þar til hann staðnæmdist við einn vegginn í stofunni og sagði: „Hér!“

Í röddinni greindi kona hans feginleik og allt að því ánægju yfir að hafa fundið eitthvað sem týnt hafði verið lengi.

Hann stóð andartak fyrir framan vegginn áður en hann féll í gólfið.

GAMALL BÓNDI SLÆR

„Ja hérna, hvað er þetta nú eiginlega? Eru þeir komnir með einhverja nýja tegund af hermaskínum? Eins og þeir eigi ekki nóg af þessum drápstólum fyrir.”

Bóndinn gamli stöðvar traktorinn, klöngrast niður úr honum og lítur til himins.

„Svona dóti sem lyftir þeim upp í loftið svo þeir geti drepíð sig þar. Það er víst finna og flottara en að drepast niðri á jörðinni, segja þeir.”

Þetta er ólíkt öllu öðru sem hann hefur séð. Hefur hann þó lifað lengi og séð margt.

„Nei, til hvers ættu þeir að nota svona herflugvélar? Þetta sést allsstaðar.”

Hann styður sig við dráttarvélinu og starir til himins, á grænleitt ljósið sem skín skært beint fyrir ofan hann.

Það hreyfist hægt norður í átt að herflugvellinum.

„Eða er þetta ef til vill óvinaflugvél? Njósnavél?” Hann strýkur hugsni yfir sítt og mikið skeggið, smellir í góm og hristir höfuðið.

„Nei, annars,” segir hann stundarhátt, „þær væru ekki svona áberandi.”

Hann horfir á ljósið færast til. Það líður mjög hægt yfir himininn og stefnir alltaf norður.

Bóndinn gamli fylgist með því, þar til það hverfur úti við sjóndeildarhringinn.

Hann spýtir við tönn og klöngrast upp í traktorinn á ný. Heldur áfram að slá.

„Það verður að klára spilduna í nótt. Meðan hann hangir þurr.”

GAMLI MAÐURINN

Þegar hann kom í þorpið sitt gamla, eftir áratuga fjarveru, sá hann og hitti alla sína gömlu kunningja, sem höfðu verið kyrrir og hvergi farið.

Marga svipi sá hann líka sem hann kannaðist við. Tók þó sérstaklega eftir gömlum manni sem hann hélt að væri dáinn fyrir löngu.

Hafði líka alltaf verið gamall.

„Nei, nei,” sagði gamli maðurinn, „ég er sprellifandi. Enn-þá.”

„Held ég í það minnsta,” bætti hann við eftir smápögn.

Hinn var ekki sannfærður.

GLUGGINN

Það var koldimm nótt. Ljósastaurarnir lýstu þó upp umhverfið svo ég rataði heim.

Þangað var ég að fara eftir kvöld á djamminu.

Einn.

Félagarnir allir farnir. Höfðu flestir náð sér í stelpur til að fara með heim. En ég fann enga. Náði að minnsta kosti ekki í neina. Enda löngum verið hálfgerður klaufi í kvennamálum.

Þurfti því að drattast einn heim.

Eins og háttur minn er þegar ég geng hvar sem ég er og í hvernig ástandi sem ég er, leit ég í kringum mig á þessari heimför minni. Kíkti inn í garða sem ég gekk hjá, leit á húsin og virti fyrir mér það sem við augum blasti í gluggakistum. Styttur, blóm og annað dót sem fólk setur út í glugga til skrauts.

Svo allt í einu blasti glugginn við mér.

Flestir hefðu gert nákvæmlega það sama og ég gerði.

Maður lætur ekki svona tækifæri framhjá sér fara. Allra síst þegar maður er á heimleið. Einn eftir kvöld á djamminu og allir fá eitthvað nema maður sjálfur.

Þá staðnæmist maður við glugga sem dregið er frá og allur uppljómaður.

Þau hafa örugglega ætlast til að einhver sæi til þeirra annars hefðu þau dregið fyrir.

Ég stoppaði á gangséttinni og horfði á þau inn um uppljómaðan gluggann.

Þau tóku ekki eftir mér, enda upptekin hvort af öðru. Þau blöstu við mér eins og þau væru leikarar á svið og ég eini áhorfandinn.

Eftir góða stund fannst mér þó leikur þeirra hálf tilbreytingarlaus, þau skiptu ekki einu sinni um stellingu, svo ég hélt áfram ferð minni heim.

RÆÐUMAÐURINN

Ræðumaðurinn steig úr þúltinu eftir að hafa flutt ræðuna og gekk út í salinn.

Reyndi að blanda geði við áheyrendur.

Langaði að fá viðbrögð frá samherjum sínum.

Helst hól.

En enginn leit við honum. Né talaði um ræðuna hans.

Eins og hún hefði aldrei verið flutt.

Að lokum fór ræðumaðurinn sjálfur að efast um að hann hefði flutt ræðuna.

HÚN SEM SITUR Á BAKKANUM

Hún situr á háum bakkanum, lætur fætuna hanga fram af og sveiflar þeim.

Henni er sama þó grænt grasið skilji eftir blett á bláum gallabuxunum.

Vonar að bakkinn hrynji ekki, það er nefnilega býsna langt niður í fjöruna og hún stórgrýtt.

Hún situr og hlustar á brimið og nið sjávarins sem henni finnst tala við sig eina. Að sterk og kraftmikil hljóðin séu ætluð henni einni og engum öðrum.

Hún hættir að sveifla fótunum til að geta beint athyglinni enn frekar að hljóðinu þegar hafið skellur á grjótinu langt fyrir neðan og sogast svo út á ný.

Þannig alltaf aftur og aftur.

En í hvert sinn nýtt orð og ný skilaboð til hennar sem situr á bakkanum hátt fyrir ofan og hlustar.

ELDHÚSIÐ

Hann gengur inn í eldhúsið.

Hefur ekki komið þangað inn síðan... ja hann man ekki hvenær eða kannski vill hann ekki rifja það upp.

Það er tandurhreint og gljáandi.

Eins og hún skildi við það, daginn sem hún gekk út og lokaði á eftir sér.

Hann vissi að hún var nýbúin að taka eldhúsið í gegn. Það gerði hún alltaf á fimmtudögum og það var einmitt á fimmtudegi sem hún fór.

Hann sér strax að fáein rykkorn hafa sest á hillurnar sem áður voru svo vel hirtar og tandurhreinar.

Þegar hann opnar ísskápinn gýs á móti honum lykt af gömlum og skemmdum matvælum.

Hann lokar í skyndi. Hugsar þó með sér að hann þyrfti nú að fara að henda úr skápnum.

Hann sest við eldhúsborðið.

Í sætið hennar.

Situr andartak.

Stendur upp og gengur út.

Lokar á eftir sér.

BÚÐARFERÐ

Maðurinn lokaði dyrunum að húsi sínu og gekk úr skugga um að þær væru tryggilega læstar. Setti lykilinn í vasann og leit niður stíginn sem blasti við honum, áður en hann lagði af stað þennan sama stíg.

Hann gekk hægt og rólega, sumir myndu líklega segja að göngulag hans væri stírt en hann var ekki á því. Hann gekk bara svona og hafði alltaf gert.

Fáeinir grastoppar gægðust upp milli gangstéttarhella á stígnum. Hann sparkaði í stein sem varð á vegi hans. Steinninn skaust upp að gulum vegg eins hússins. Veggurinn var gluggalaus utan einn þríhyrningslaga alveg uppi undir þaki.

Við enda stígsins var lítil verslun. Þangað var för mannsins heitið. Honum var heilsað með virktum er hann kom inn. Hann var eini viðskiptavinurinn og því gaf kaupmaðurinn sér góðan tíma til að spjalla við hann.

Eins og hann gerði ævinlega.

Þegar erindi hans var lokið, kvöddust þeir kaupmaðurinn með óskum um góðan og ánægjulegan dag og maðurinn lagði af stað eftir göngustígnum í átt að húsi sínu.

Er hann kom að gula veggnum með þríhyrningslaga glugganum uppi undir þaki, staðnæmdist hann og svipaðist um eftir steininum.

En fann hann hvergi.

Hann gekk þá fram og aftur meðfram veggnum í leit að steininum en kom ekki auga á hann.

Hann fann óöryggið og óttann ná tökum á sér.

Þetta hafði aldrei gerst áður, að hann fyndi ekki steinninn sinn.

Hann var sannfærður um að einhver eða einhverjir væru að gera at í sér.
Vissi þó ekki hver eða hverjir né heldur hvers vegna.

Maðurinn gafst upp á leitinni og hraðaði sér heim í hús sitt.

Hann hljóp nánast vð fót síðasta spölinn og hjartað hamaðist í brjósti hans þegar hann fann lykilinn í vasa sínum, opnaði og steig innfyrir.

Maðurinn skellti dyrunum óvenju harkalega á eftir sér.

SKIL

Hún stöðvar bílinn.

Bíður þar til rykmökkurinn er horfinn. Stígur þá út og teygir úr sér. Andar djúpt að sér hreinu loftinu.

Dalurinn er þröngur með háum klettóttum fjöllum beggja vegna. Þurr og harður malarvegur hlykkjast um hlíðina. Niður dalinn hendist stór og straumþung á.

Hún hlustar á drunur hennar.

Hver hugsun um að snúa aftur drepin í fæðingu.

Eða jafnvel fyrr.

Í hlíðinni ofanvið veginn stendur bær sem líkt og hangir utan í fjallinu.

Hún forðast að hugsa til baka. Leyfir huganum ekki að hvarfla þangað örskotsstund. Þá gæfist hún upp og sneri aftur.

Líkt og svo oft áður.

Hún sest inn í bílinn. Setur hann í gang og ekur af stað.

Hún ætlar aldrei að snúa aftur.

EKKI Í ÞETTA SKIPTIÐ.

HORFT TIL HAFS

Þau sitja tvö á bekk og horfa til hafs.

Segja ekkert.

Þurfa þess ekki.

Sitja aðeins þögul og horfa til hafs.

Fólk þýtur hjá. Ýmist á hjólum eða skokkandi án þess að veita þeim athygli.

Og þau taka heldur ekki eftir neinu kringum sig nema hafinu, sem liggur slétt og fagurt fyrir framan þau.

Það er ekki fyrr en hundurinn litli kemur og þefar af þeim, sem þau líta af hafinu og á hundinn.

En aðeins andartak.

ÓLÖF

Síminn hringir. Ég stekk upp úr sófanum og svara, enda á ég von á símtali:

„Er Ólöf við?“ spyr skræk karlmannsrödd.

„Ja, hér býr nú engin með því nafni,” svara ég óþolinmóður.

„Nú, það var skrýtið,” segir skræka röddin, „mér var sagt að hún væri í þessu númeri.”

„Það er einhver misskilningur,” segi ég og get ekki leynt þirringi mínum.

Þetta er ekki í fyrsta og ekki í annað sinn sem hringt er og spurt eftir Ólöfu. Það hefur gerst nánast á hverjum degi síðan ég fékk þetta símanúmer. Stundum eru það karlmenn sem hringja, stundum konur. En ég gef alltaf sama svarið:

„Ja, hér býr nú engin með því nafni.”

Þá er ávallt sagt hinumegin á línunni:

„Nú, það var skrýtið, mér var sagt að hún væri í þessu númeri.”

Þessu svara ég með, að það hljóti að vera „einhver misskilningur.”

Rétt eins og ég segi við skræku röddina.

Á þessum orðum lýkur símtalinu ævinlega, því sá sem er á hinum enda línunnar leggur á.

Þetta er orðið ansi þreytandi og þess vegna ákveð ég að breyta til einu sinni:

„Er Ólöf við?“ er spurt eins og venjulega.

„Hvað viltu henni?“ spyr ég þá.

En í stað þess að svara spurningu minni, segir röddin á hinum endanum, sem að þessu sinni er djúp og rám:

„Nú, það var skrýtið, mér var sagt að hún væri í þessu númeri,” rétt eins og

manneskjan hefði ekki heyrt spurningu mína.

Ég endurtek því: „Hvað viltu henni?”

En þá er lagt á.

Ég fæ strax á tilfinninguna að ég sé að taka þátt í einhvers-konar leikriti og að ég hafi ruglast í textanum. Eða farið með texta úr öðru leikriti.

Að minnsta kosti gerði ég eitthvað rangt. Eitthvað sem ég átti ekki að gera.

Svo næst þegar verður hringt, ef það verður hringt aftur, verður handritið komið í samt lag á ný:

„Er Ólöf við?”

„Ja, hér bý nú engin með því nafni.”

„Nú, það var skrytið, mér var sagt að hún væri í þessu númeri.”

„Það er einhver misskilningur.”

Og símatalinu lýkur.

Það er algjör óþarfi að breyta handritinu.

KASSADAMAN

1

Ég fór í búðina í dag, eins og ég geri stundum.

Mig vantaði helstu nauðsynjar, eins og mjólk og brauð og skyr og eitthvað fleira. Mér þykir best að kaupa lítið í einu og þó að ég sé ekki þurftarfrekur þá þýðir það að ég þarf að fara í búðina stöku sinnum.

Á einum kassanum var ný kassadama. Ég hef að minnsta kosti aldrei séð hana áður, svo hún hlýtur að vera nýbyrjuð að vinna þarna. Því ég þekki allt starfsfólk verslunarinnar nokkuð vel. Að minnsta kosti í sjón enda hef ég skipt við þessa búð í mörg ár. Alveg frá því ég flutti í hverfið.

En hana hafði ég aldrei séð áður.

Langir og grannir fingur hennar handléku það litla sem ég var að kaupa af svo miklu öryggi og allt að því umhyggju að unun var á að horfa.

Greinilegt að hún hefur unnið lengi á kassa, þó hún sé nýbyrjuð í búðinni minni.

Gaman væri að vita hvar hún var áður.

2

Ég fer í búðina nánast á hverjum degi. Einungis til að hitta nýju kassadömunu. Gæti þess vel að hún sé á kassanum þegar ég fer að borga. Ef hún er ekki við kassann þá bíð ég um stund þar til hún kemur aftur úr kaffi eða hvað það er sem hún er að gera þegar hún er ekki á sínum stað.

Enginn annar starfsmaður má afgreiða mig lengur.

Bara hún.

Auðvitað segi ég það ekki upphátt við nokkurn mann, þetta er bara svona eitthvað sem er í kolli mínum og hvergi annars staðar.

Jafnvel hafa læðst að mér þær hugsanir að eitthvað slæmt muni gerast ef einhver annar afgreiðir mig. Að ég verði fyrir bíl á leiðinni heim eða að einhver ráðist á mig og berji mig í klessu ef annar en hún handleikur vörurnar sem ég er að kaupa og tekur við kortinu mínu.

Ég geri mér grein fyrir að þetta eru fáránlegar hugsanir en get ekkert að þeim gert. Þær koma bara og festast í huganum og neita að fara, sama hvernig ég reyni að reka þær á brott.

3

Við spjöllum oft saman þegar ég versla í búðinni, ég og kassadaman mín. Ég kalla hana kassadömunu mína því mér finnst ég þekkja hana orðið svo vel. Veit hvar hún vann áður og hvers vegna hún skipti og að hún er fráskilin og á eitt barn.

Hef líka sagt henni margt um mig.

Vissulega ekki allt, enda það varla hægt þegar maður stendur við kassa í smástund og fylgist með henni skanna vörur og nefna svo upphæð og maður réttir henni kortið sem hún rennir í gegn og svo skrifar maður undir. Þetta tekur nú ekki langa stund og það er ekki margt sem hægt er að spjalla um á svona stuttum tíma. Sérstaklega ekki ef það er löng röð fyrir aftan mig. Fólk sem bíður eftir að hún afgreiði það eins og hún afgreiðir mig.

En vegna þess að ég kem orðið svo oft í búðina og fer bara á kassann til

hennar þá getum við haldið áfram með samtalið þar sem frá var horfið síðast. Þannig getur það haldið áfram svo lengi sem hún vinnur í búðinni minni og ég versla þar.

Það þarf aldrei að taka enda.

MAÐUR Á HLAÐI

Konan á bænum sem stóð utan í fjallshlíðinni leit út um eldhúsgluggan og varð svo mikið um að hún missti könnuna sem hún var með í höndunum í gólfíð svo hún mölbrotnaði.

Á hlaðinu stóð maður í rigningunni og rokinu.

Fyrsta hugsun konunnar var: heppinn að fjúka ekki fram af klettunum.

Hún leit á hann og sá að hann var dökkur yfirlitum undir hattinum sem hann bar á höfði og undan honum sýndist henni glitta í dökka hárlokka. Hann klæddist skósíðum dökkum frakka sem orðinn var rennandi blautur, rétt eins og hatturinn.

Maðurinn stóð hreyfingarlaus á hlaðinu og horfði inn um eldhúsgluggan. Á konuna.

Hún þekkti hann ekki, hafði aldrei séð hann áður.

Hann hreyfði sig ekki hið minnsta og það hvarflaði að konunni að hann væri hreinlega steinrunninn og myndi smátt og smátt breytast í stein fyrir augum hennar.

Það gerði hann ekki.

Er þau höfðu starað hvort á annað um stund, konan í eld-húsinu og maðurinn á hlaðinu, var sem hann rankaði við sér, snerist á hæli og gekk á brott.

Álútur í rigningunni og rokinu.

Þá var sem hún áttaði sig og þaut fram í dyragættina til að bjóða honum inn.

En hann var horfinn eitthvert út í sortann. Hún kom ekki auga á hann, hvernig sem hún rýndi út.

Hún lokaði því dyrunum og hélt inn í eldhús til að sópa upp könnubrotin.
Hún minntist aldrei á hann við nokkurn mann á bænum.

LJÓS Á HIMNI

„Guð að taka myndir,” hugsaði ég með mér og skellti uppúr, þegar á sá ljósblossann í himninum.

Þetta var seint í ágúst en eigi að síður það heitt að hægt var að sitja úti á veröndinni og drekka bjór.

Eins og í útlöndum.

Þar sat ég einmitt þegar ég kom auga á þennan ljósblossa og flaug í hug þessi góði brandari um guð að taka myndir.

Vissi þó vel að þetta gat ekki verið annað en stjörnuhrap.

Ég lauk við bjórinn minn og hélt inn, fór að sofa og hugsaði ekki meira um þennan ljósblossa.

Ekki fyrr en morgunin eftir, þegar ég heyrði fréttirnar í útvarpinu en á þær hlusta ég á hverjum morgni. Þar var talað um „torkennilegt ljós á himni” sem „sást víða um land” kvöldið áður. Ég hafði ekki látið útvarpið vita af því að ég hefði séð ljósið en einhverjir höfðu greinilega gert það.

Ég hreinlega hugsaði ekki út í það, þar sem ég var viss um að þetta væri stjörnuhrap. En þegar ég heyrði fréttina sannfærðist ég um að svo gæti alls ekki verið.

Stjörnufræðingurinn sem rætt var við í fréttinni sagði líka að „miðað við lýsingar fólks á þessu fyrirbæri, væri útilokað að þetta hefði verið stjörnuhrap.” Þannig endaði fréttin, ekkert reynt að grafst fyrir um hverskonar ljós þetta gæti hafa verið. Hlustendur í raun skildir eftir í lausu lofti.

En um leið og ég heyrði fréttina, vissi ég hvað þetta var: Fljúgandi diskur

fullur af geimverum á leið til jarðar með öllum þeim skelfilegu afleiðingum sem það hefur í för með sér fyrir okkur jarðarbúa.

Það fyrsta sem ég gerði þegar þetta rann upp fyrir mér, var auðvitað að hringja í útvarpið og láta vita af því sem mér fannst augljóst en enginn annar virtist hafa áttað sig á.

Þeir hjá útvarpinu vildu ekki hlusta á mig. Þeir hlógu að mér. Og þegar ég var búinn að hringja nokkrum sinnum hættu þeir að svara mér.

Ég gafst því upp á að reyna að vara fólk við.

Sit því í stofunni minni og bíð eftir geimverunum sem ég veit að eru á leiðinni til jarðarinnar. Og þegar þær koma munu þeir sem ekki vildu hlusta á viðvaranir mínar sjá eftir því að hafa ekki hlustað á varnaðarorð mín.

BÍLLJÓSin

Skær ljós bílanna lýstu beint í andlit mitt þar sem ég stóð við gluggann. Böðuðu mig skini sínu svo mér fannst ég vera á sviði og ljósin væru flóðljós sem lýstu á mig og mig einan.

Eins og ég væri fræg stjarna, kannski rokkstjarna og fyrir framan mig væru mörg þúsund manns sem komin væru til þess eins að hlusta á mig og engan annan.

Ég bar krepptan hnefann upp að munninum, líkt og ég héldi á míkrafóni, opnaði munninn og gaf frá mér hljóð sem í mínum eyrum hljómaði sem söngur.

En vissi að lét í eyrum annarra sem garg og gól.

Þá fann ég að hönd var lögð mjúklega á öxl mína og um leið var sem ég væri rifinn niður af sviðinu og bílljósin hættu að vera flóðljós og urðu á ný venjuleg bílljós.

Höndin merkti að tími minn væri útrunninn og ég þyrfti að fara að sofa. Gæti ekki lengur staðið við gluggann og horft á bílana þjóta hjá og baða mig ljósi sínu.

MIÐILSFUNDUR

Hún fór á miðilsfund og átti von á að upplifa eitthvað stórfenglegt.

Eins og allir höfðu sagt að hún ætti að gera. En hún sat einungis í sæti sínu og leið bara nokkuð vel.

Sagði hún sjálf.

En hin stórfenglega upplifun lét á sér standa.

Hvað er að mér? spurði hún sjálfa sig er hún gekk út.

ENDALOK

„...og við sem áttum svo fjandi margt sameiginlegt,” sagði hann og skrúfaði lokið fast á kistuna.

„Ætli ég endi svona?” hugsaði hann svo og sá fyrir sér gatið á enninu.

FJALLGANGA

Feta mig í átt að fjallstindinum sem ég hef svo oft horft á úr stofuglugganum mínum. Látið mig dreyma um að standa á toppi hans og horfa yfir byggðirnar.

Ég er einn á ferð. Vinur minn ætlaði að koma með mér en þegar ég hringdi í hann í morgun, sagðist hann vera orðinn veikur og treysti sér ekki.

„En þú skalt samt fara,” sagði hann.

„Já,” sagði ég.

Geng á nýju gönguskónum mínum, með stafina sem einnig eru nýjir og í bakpokanum eru aukaföt og nesti.

Hann er ekki nýr.

Með hverju skrefi þokast ég nær og nær tindinum langþráða.

Gæti þess að fara rólega, eins og mér var sagt að ég ætti að gera, svo þetta yrði ekki eins erfitt.

Nýt þess að láta kyrrðina umlykja mig.

Tek ekki eftir þokubakkanum sem læðist varlega niður hlíðar fjallsins, eins og hún spretti upp úr tindinum langþráða, fyrr en hún umlykur mig.

Vefst utanum mig svo ég tapa áttum.

Veit ekki hvar ég er né heldur hvert ég á að stefna.

Þó ég setjist á stein og fái mér að borða, í þeirri von að þokunni létti, er hún jafn þétt og áður.

Ef ekki þéttari.

BIÐ

Mennirnir tveir sem sátu á bekknum og horfðu til hafs, sögðu ekki orð.

Augu þeirra voru einbeitt og athugl. Eins og þeir biðu ein-hvers sem ætti að birtast á hafinu eða koma upp úr því.

„Það kemur ekki,” sagði annar þeirra eftir margra tíma setu, vonbrigðin augljós í röddinni.

„Nei, ekki í dag,” sagði hinn þurrlega en þó ekki alveg laus við vonina sem var það eina sem hann átti eftir.

VATNIÐ

Eftir sextán daga göngu um rökkvaða skógarstíga gengum við loks út í rjóðrið þar sem vatnið blasti við okkur.

Það glampaði svo á það að við fengum næstum ofbirtu í augun.

Öll þrjú.

Sólin skein á vatnið fyrir framan okkur og yfir því flögruðu ótal fuglar. Enn fleiri syntu á því. Gátum ekki með nokkru móti gert okkur grein fyrir hve margir þeir voru.

Við námum staðar á bakkanum, litum hvort á annað og brostum.

Vorum næstum komin á leiðarenda.

Settumst niður á vatnsbakkanum og borðuðum það sem eftir var af nestinu okkar.

Gættum þess að skilja ekkert eftir á bakkanum. Þess höfðum við gætt vandlega þá sextán daga er við höfðum verið á ferðinni. Kærðum okkur ekki um að nein ummerki sæjust eftir okkur.

Þegar við vorum öll orðin mett, stóðum við upp og héldum út á vatnið. Lengra og lengra og fuglarnir viku fyrir okkur.

Stefndum yfir vatnið.

Þangað var för okkar heitið.

HÖLLIN

Þegar við höfðum gengið veginn á enda varð fyrir okkur stór höll sem lokaði leiðinni.

Hún stóð þarna og varnaði okkur vegarins svo við gátum ekki haldið áfram.

Urðum að láta ferð okkar lokið.

Engin leið var að ganga meðfram múrum og síkjum hall-arinnar í þeim tilgangi að komast fyrir hana.

Sú leið var lokuð.

Við ræddum því málin fyrir framan hallarhliðið.

Nokkuð margir í hópnum lögðu til að snúið yrði við:

„Hvað annað getum við svo sem gert?“ spurðu þeir.

Okkur hinum fannst það nú ansi hart, vorum ekki sátta við að hafa gengið alla þessa leið til þess eins að halda til baka.

„Við gætum bankað uppá í höllinni og fengið að fara gegnum hallargarðinn,“ sögðum við full bjartsýni.

Félagar okkar sem vildu snúa við hlógu að þessum orðum, sögðust aldrei hafa heyrt aðra eins vitleysu.

Þeir voru enn að hlæja þegar hliðið opnaðist og hallareigandinn birtist í eigin persónu og spurði hví í ósköpunum við stæðum hérna úti fyrir en kæmum ekki inn.

INNILOKAÐUR

Ég er lokaður inni. Sit á gólfinu sem er bæði kalt og hart.

Hvergi gluggi, aðeins dyrnar sem eru rammlæstar. Heyri enn í huganum hljóðið þegar hún féll að stöfum og háværan smellinn í lásnum, þegar þeir læstu mig hérna inni.

Ég skelf og titra, reyni þannig að fá smá hlýju í kroppinn.

Efast þó um að það takist.

Niður úr loftinu hangir ljósapera. Ein og stök en þó nægilega sterk til að varpa birtu um allt herbergið. Svo hvergi er skugga að finna.

Ég sit einn á köldu og hörðu gólfinu og hef ekki hugmynd um afhverju þeir lokuðu mig hér inni.

Ekki minnsta grun.

GAMALL MAÐUR HORFIR ÚT UM GLUGGA

Gamli maðurinn stóð við gluggann, hallaði sér út og horfði á börnin leika sér í garðinum.

Hann vissi ekki hvaða börn þetta voru. Fannst þó að hann ætti að þekkja þau eða í það minnsta kannast við þau. En í heila hans, þar sem átti að vera pláss fyrir þau, var engu líkara en væri eyða eða tóm blaðsíða sem hann gat ekki fyllt með orðum.

Eins og áður fyrr.

Hann þekkti þau ekki. Kom þeim ekki fyrir sig en var eigi að síður glaður og ánægður með að garðurinn hans væri fullur af lífi. Að enn á ný væri hann orðinn fullur af börnum sem hlupu um og léku sér, kát og glöð.

Það hafði ekki gerst lengi.

Hann mundi vel þá tíma er hans eigin börn fylltu garðinn af lífi og fjöri. Mundi hvernig þau hlupu á eftir boltanum sínum, fóru í snú snú eða sippuðu og skoppuðu áhyggjulaus um garðinn. Oft þegar hann sat inni í herberginu með þennan sama glugga opinn og skrifaði bækur sínar, sem voru um eitthvað allt annað en kát og glöð börn í garði, bárust hljóð þeirra inn til hans.

Nú var hann hættur að skrifa.

Hugurinn orðinn galtómur og börnin orðin stór, farin að heiman og kannski hafa þau sjálf eignast sín eigin börn.

Hann mundi það ekki.

En gladdist yfir börnunum sem léku sér í garðinum.

HÖFUÐ FULLT AF MINNINGUM

Hendurnar bundnar svo hann getur ekki hreyft þær. Böndin reyrð þéttingsfast um úlnliðinn, skerast inn í holdið. Blóðið hættir að streyma fram í fingurna sem blána.

En hann getur ekkert við því gert. Verður að sætta sig við þetta.

Og það hefur engan tilgang að hrópa á hjálp. Hún berst ekki, jafnvel þó hann æpi og gargi í margar klukkustundir.

Engin kærir sig um að hjálpa og hann efast einnig um að nokkur heyri til sín.

Og smátt og smátt deyja hendurnar, úr þeim er allur lífsmáttur.

Dyrnar opnast og inn gægist skeggjað karlmannsandlit.

Athugar hvort allt sé með felldu.

Sér að svo er ekki.

Undrast hve illa maðurinn í rúminu lætur í svefninum.

Vaktmaðurinn gengur alveg inn í herbergið, skilur dyrnar eftir opnar að baki sér og ýtir við þeim sem í rúminu liggur og hefur sparkað sænginni út á gólf. Hann er allur rennsveittur, byltir sér til og frá í rúminu og stynur í svefninum.

En það eru ekki ánægjustunur heyrir vaktmaðurinn strax, eins og hann sé að dreyma eitthvað ljúft og ánægjulegt.

Nei.

Þetta eru hræðslu og sársaukastunur sem benda til óþægilegra draumfara.

Vaktmaðurinn ýtir aftur við þeim sem í rúminu liggur. Vekur hann og talar blíðlega til hans. Eins og hann hefur vanist.

Veit orðið hvað hæfir best.

Hann man vel þegar þessi maður kom inn fyrst.

Dag nokkurn, fyrir fáeinum vikum, stóð hann bara fyrir utan og barði að dyrum. Þó útidyrnar væru ólæstar. Eins og venjulega þrátt fyrir að aðrar séu alltaf læstar með tveim lásnum að minnsta kosti.

Þessi maður stóð og bankaði á ystu dyr. Vaktmaðurinn hljóp fram þegar hann heyrði bankið og opnaði. Honum dauðbrá þegar hann sá manninn sem stóð fyrir utan og hriðskalf, þrátt fyrir að sólin skini hátt á lofti og þetta væri einn heitasti dagur sem komið hafði lengi. Auk þess var maðurinn rennblautur eins og hann hefði lent í grenjandi rigningu.

Vaktmaðurinn komst að því síðar að hann hefði hent sér í sjóinn og ætlað að drekkja sér en hætt við. Guggnað og ekki þorað að ganga alla leið, þegar til kom. Og því synt til lands, þrátt fyrir að það væri erfitt í fötunum, sem þyngdu hann verulega.

En sem betur fór var þetta ekki langt.

„Ég heiti Jón,” sagði maðurinn svo lágt að varla heyrðist, „höfuð mitt er að springa af minningum. Þið verðið að hjálpa mér.”

Vaktmaðurinn vísaði honum inn og aðstoðaði hann við að fara úr blautum fötunum og í slopp sem hann fann handa honum.

Vaktmaðurinn ýtir enn einu sinn við Jóni, sem rumskar og tekur andköf í svefnrofunum.

„Jón minn, vaknaðu nú,” segir hann um leið og hann beygir sig niður og tekur upp sængina.

„Dreymdi þig illa?” spyr vaktmaðurinn en áttar sig um leið á hve fáránlega

spurningin hljómar.

Jón opnar augun en segir ekkert. Starir bara upp í loftið, eins og hann átti sig ekki alveg á því hvar hann er staddur.

Vaktmaðurinn stendur við rúmið en segir ekkert. Horfir einungis á Jón vakna, gengur síðan að vaskinum í herberginu, skrúfar frá og fyllir glas af vatni.

„Þig dreymdi illa,” segir hann meðan hann gengur að rúminu aftur.

Jón lítur á hann en segir ekki neitt. En reisir sig upp þegar hann sér vatnsglasið í hendi vaktmannsins og réttir út aðra hendina eftir því.

„Gerðu svo vel,” segir vaktmaðurinn.

Jón tekur við glasinu og teygur úr því. Lætur svo fallast aftur á rúmið.

„Þetta var nú fínt,” segir vaktmaðurinn. „Nú skaltu reyna að sofna aftur. Góða nótt og dreymi þig vel,” bætir hann við um leið og hann gengur að dyrunum, fer út úr herberginu og lokar á eftir sér.

Jón liggur í rúminu með opin augun. Starir út í loftið og finnur fyrir sársaukanum í höndunum sem eru reyrðar fyrir aftan bak svo þétt að böndin skerast í holdið.

Og veit að höfuðið sem er fullt af minningum mun brátt springa og þær dreifast um allt herbergið sem hann er ekki viss um hvort er herbergi eða klefi.

KAFFIKONAN

Í svefnrofunum á morgnana vissi hún aldrei hvort hún var að vakna eða sofna fyrr en hún fann kaffilminn berast inn um gluggann til sín.

Dag nokkurn, þegar enginn kaffilmur barst inn, vegna þess að gamla konan á neðri hæðinni var dáið, lagðist hún aftur á koddann og hélt áfram að sofa.

Og svaf þar til önnur gömul kona flutti inn á neðri hæðina og fór að hella upp á kaffi á morgnana.

GENGIÐ Á HAFI

Vinkonurnar óaðskiljanlegu minnst oft mannsins sem þær sáu ganga á hafinu forðum.

Þegar þær voru ungar.

Morgunn einn voru þær á göngu niðri í fjöru og sáu manninn stíga út úr bátnum og ganga á hafinu.

Hann gekk spölkorn frá bátnum, sneri svo við og fór í hann aftur.

Eins og hann væri að athuga hvort hann gæti gengið á hafinu

Þær þekktu hann ekkert.

MAÐUR Í ÍBÚÐINNI

Flugþreytan sat enn í mér þegar ég steig út úr leigubílnum fyrir framan húsið sem ég bjó í, enda hafði flugið sem ég var að koma úr verið óvenjulangt og strembið.

Ég stökk upp tröppurnar full tilhlökkunar yfir að geta loks lagst í baðið mitt, áður en ég skriði upp í rúmið mitt stóra, sem ég hafði ekki sofið í svo lengi.

Allt of lengi.

Lyklarnir voru á sínum stað í litla rennda hólfinu í hand-töskunni minni. Ég fann þá og opnaði forstofudyrnar, tók síðan lyftuna upp á efstu hæðina þar sem íbúðin mín var. Notalegur straumur vellíðunar fór um mig þegar ég kom inn í blokkina og sá að allt var óbreytt. Liturinn á veggnum var jafn rjómagulur og áður og teppið á gólfinu jafn brúnt. Lyktin í stigaganginum var meira að segja sú sama.

Það var notalegt og þægilegt að finna að eitthvað var eins og það átti að sér að vera, eftir að hafa flogið milli ólíkra staða og sofið í mörgum mismunandi rúmum allan þann tíma sem ég hafði verið í burtu.

Að ekki sé nú talað um alla ólíku lyktina sem ég hafði fundið. Hún var stundum ólýsanleg.

Lyftan bar mig fljótt upp á efstu hæðina og ég renndi lyklinum í skrána að íbúðinni minni og opnaði.

Þegar ég steig inn í forstofuna mína missti ég næstum andlitið, því í stað þess að sjá gamalkunnugt anddyrið mitt, með öllum skónum mínum í skóhillunni, þá blöstu við mér karlmannsskór.

Aðeins einir stórir karlmannsskór.

Og í stað kunnuglegrar lyktarinnar sem ég vildi hafa í íbúðinni minni þá fann ég framandi og ókunna lykt.

Ég gekk hægt inn í íbúðina en staðnæmdist í eldhúsdyrnum þegar ég kom auga á karlmann sem sat við eldhúsborðið, las blað og drakk kaffi.

Hann sat við eldhúsborðið mitt og drakk kaffi úr einum bollanum mínum.

En þegar ég leit yfir eldhúsið sá ég að það hafði ekki breyst neitt, eins og forstofan, þarna var kaffivélin mín, brauðristin, örbylgjuofninn, eldavélin.

Maðurinn virtist ekki verða mín var því hann sýndi engin viðbrögð fyrr en ég spurði:

„Hver ert þú?” Forviða á þessari innrás á heimili mitt.

Hann hrökk við og starði á mig og andartak fannst mér ég greina ótta í annars fallegum augum hans.

En einungis andartak.

„Hver er ég?” spurði hann á móti, horfði á mig og fékk sér sopa af kaffinu.

Hann mældi mig alla út, að mér fannst, þar sem ég stóð í eldhúsgættinni í flugfreyjubúningnum mínum.

„Mikilvægari spurning er þó,” sagði hann þegar hann hafði lagt kaffibollann frá sér, „hver ert þú?”

Ég gapti af undrun yfir þessari ósvífni. Hér sat hann í eldhúsinu mínu, við eldhúsborðið mitt og drakk kaffi úr kaffibollanum mínum en vissi ekki hver ég var.

„Hver er ég?” hváði ég, rétt eins og hann skömmu áður.

Hann kinkaði kalli.

„Það vill nú svo til að ég á heima hérna,” sagði ég og það var aðeins farið að þykkna í mér yfir því að þessi maður sem sat á stólnum mínum í eldhúsinu

mínu skyldi ekki segja mér hreint út hver hann væri og hvað hann væri að gera í íbúðinni minni.

Ekki minnkaði bræði mín þegar hann fór að skellihlæja að orðum mínum.

„Átt þú heima hérna?“ tókst honum að stynja upp milli hláturrokanna, eins og ég hefði sagt þann fyndasta brandara sem hann hefði nokkru sinni heyrt.

„Já, ég á heima hérna.“

Hann hætti að hlæja líkt og ýtt væri á takka og hreinlega slökkt á hlátrinum.

„Ég líka,“ sagði hann hvass, svo mér dauðbrá við þessi umskipti.

„En þú,“ hélt hann áfram ögn mildari þó, „áttir heima hérna.“

Og hann lagði mikla áherslu á orðið „áttir.“

Um leið lyfti hann blaðinu svo við mér blasti frétt um flug-slys, þar sem sagði að flugvél hefði hrapað og áhöfnin öll farist en stór hluti farþeganna þó lifað af.

TEIKNINGARNAR

Aldrei hef ég trúað á það sem kallað er yfirnáttúrulegt og hef alla tíð talið draugafræðin hið mesta rugl og vitleysu.

Það fólk sem þykist sjá látna, segist geta læknað sjúka með „aðstoð að handan” eða fengið fólk til að upplifa „sín fyrri líf,” eða hvað það nú er sem svo kallaðir miðlar gera, er einungis að spila með trúgrini fólks og narra það.

Hingað til hef ég verið á þessari skoðun. Nú getur hins vegar verið að ég þurfi að taka hana til endurskoðunar.

Fyrst verð ég þó að geta þess að ég hef aldrei getað teiknað.

Og rifjast þá upp fyrir mér atvik frá því ég var í barnaskóla.

Í teiknitíma áttum við að teikna fugl. Kennarinn, lágvaxinn maður en svo strangur við vorum öll hálfhrædd við hann, kom með eina uppstoppaða fuglinn sem til var í skólanum. Hann stóð á steini og breiddi úr vængjunum eins og hann væri í þann mund að hefja sig til flugs.

„Teiknið” skipaði kennarinn með sinni þrumuraust, sem ótrúlegt var að kæmi frá svona litlum líkama, og við þorðum ekki annað en hlýða.

Sumum gekk vel.

Öðrum illa.

En engum eins og mér.

Ég reyndi eins og ég gat. Dró misheppnuð strik á blaðið, strokaði þau út. Reyndi aftur, strokaði út, þar til blaðið mitt var orðið dökkt af blýantsstrikum, sem voru ekkert í líkingu við fuglinn uppstoppaða sem stóð á kennaraborðinu fyrir framan mig, og útþurrkunum.

Kennarinn gekk valdsmannslegur um stofuna og skoðaði myndirnar. Hældi

þeim sem gerðu vel og leiðbeindi þeim sem voru á réttri leið. Þegar hann kom að borðinu til mín leit hann á subbulegt blaðið mitt, horfði reiðilega á mig, tók það upp og hélt því svo allir gætu séð.

„Sjáið þessa mynd,” sagði hann háðslega, „þetta er aldeilis fallegur fugl!”

Krakkarnir hlógu.

Svo reif hann blaðið, fyrst í tvennt, svo í fernt og hélt áfram að rífa það þar til ekki var annað eftir af því en litlir pappírsmiðar. Þá fleygði hann þeim á borðið mitt og sagði:

„Þú kannt ekki að teikna og munt aldrei geta það.”

Síðan hef ég ekki reynt að teikna.

Ég sat í stólnum mínum í stofunni, nýkominn heim úr vinnunni, og las blaðið, þegar ég fann þrýsting á öxlunum. Líkt og einhver stæði fyrir aftan stólinn, sem reyndar stóð upp við vegg, og ýtti mér þéttingsfast niður eins og til að koma í veg fyrir að ég stæði upp.

Um leið svifu fyrir framan mig ótal teikningar og áhöld til teikninga: blýantar, strokleður og pappír.

Ég sat agndofa og horfði á og um leið gerðist eitthvað undarlegt inni í mér. Eitthvað sem ég skil ekki: ég fékk gríðarsterka löngun til að teikna. Setjast niður með blýant í hönd og búa til myndir.

Svo þegar þrýstingurinn á öxlunum minnkaði, vissi ég hvað ég átti að gera. Ég stóð upp og fann blað og blýant sem ég veit ekki hvernig komst í eigu mína, settist við borð með blýantinn í hönd og blaðið fyrir framan mig. Man að ég skalf og titraði meðan ég bar blýantinn að blaðinu og lét hann snerta það.

Og svo veit ég ekki af mér fyrr en löngu seinna. Man ekki hvað gerðist frá

Því blýantsoddurinn snerti blaðið og þar til ég rankaði við mér löngu síðar.

Engu líkara en ég hafi sofnað og sofið nokkuð lengi.

En ég sofnaði ekki. Það veit ég.

Þegar ég kom til sjálfs mín aftur lágu heilmargar teikningar á borðinu fyrir framan mig og jafnvel á gólfinu.

Teikningar sem ég gerði sjálfur.

Þó var ekki mitt nafn skrifað undir þær, heldur önnur, eins og Dürer, Matisse, Ingres og fleiri nöfn sem ég hafði aldrei heyrt nefnd.

Samt teiknaði ég myndirnar, það var hönd mín sem hélt um blýantinn. En svo virðist sem einhver eða einhverjir aðrir hafi stjórnað henni og huga mínum.

Nú veit ég hvað ég á að gera ef ég sit í stólnum mínum og finn þrýsting á öxlunum: finna blað og blýant, setjast niður og teikna.

Aðeins þá get ég það.

Aldrei annars.

Það hef ég reynt.

Í DRAUMAVERKSMIÐJUNNI

Maðurinn sem vann í draumaverksmiðjunni stakk alltaf einum og einum draumi undan og geymdi handa sér og sínum.

Til allrar hamingju komst aldrei upp um hann.

SÁ SÍÐHÆRÐI OG SKEGGJAFI

Ég var þreyttur og lúinn eftir að hafa verið á stanslausu ferðalagi í tvo sólarhringa. Hugsaði því ekki um annað en finna mér gistingu. Stað þar sem ég gæti lagst upp í rúm og mér var slétt sama hvernig það var. Hvort það væri mjúkt eða hart, hreint eða ekki.

Það skipti ekki máli. Bara að ég kæmist í rúm og gæti lagst í það og sofnað.

Ég þvældist um í nágrenni lestarstöðvarinnar og fór að lokum inn í hús nokkurt, sem var þar skammt frá.

Veit eiginlega ekki hvað fékk mig til að stíga upp þessar tvær tröppur sem lágu að dyrunum, því ekki var neitt skilti þar sem benti til að þetta væri gististaður. Hugsanlega var það fólkíð sem gekk þarna um sem vakti forvitni mína. En svo virtist sem stöðugur straumur væri bæði inn í húsið og út úr því.

Ég steig því upp tröppurnar tvær, tók ákveðið í hurðarhúnin. Venjulega hefði ég verið hikandi.

En ekki núna.

Við mér blasti langur gangur með köflóttum dregli. Gangurinn lá að stórum og miklum sal. Innst í honum var lítið upphækkað svið og þar í nokkurs konar háseti sat lágvaxinn maður sem horfði út í salinn. Hann var með sítt og mikið hár og langt skegg sem fangaði athygli mína í fyrstu.

Hann virtist taka eftir mér. Fannst sem augu hans stað-næmdust við mig einan. Enda skar ég mig talsvert úr öðrum sem þarna voru. Bæði í útliti og klæðaburði.

Ég gekk nær, líkt og hann drægi mig til sín með augnaráðinu. Fannst ég allt í einu vera fiskur sem hafði bitið á agnið og hann veiðimaðurinn sem dró

línuna inn.

Þegar ég var kominn að sviðinu, reis hann á fætur og benti mér að fylgja sér. Ég gerði það. Gat ekki annað.

Hann vísaði mér inn í herbergi baksviðs og benti mér á að setjast í stól.

Hann settist á móti mér.

Horfði á mig.

„Ég nenni þessu ekki lengur,” sagði hann.

„Hverju?” spurði ég.

„Að sitja í þessu fjandans háseti og láta fólk horfa á mig eins og einhverja stytta eða guð. Eða ég veit ekki hvað.”

„Nei, það getur ekki verið skemmtilegt,” sagði ég undrandi á hvert þetta samtal stefndi.

„Það var það kannski fyrst,” sagði hann, „mig minnir það,” hann brosti. „En ekki lengur. Auk þess finnst mér ég hafa glatað hæfileikanum.” Hann leit í augu mín, svo djúpt fannst mér að það var sem hann sæi mína innstu þanka. „Mig langar út á meðal fólks, geta gengið um göturnar eins og venjulegur maður, hitt fólk, jafnvel reynt við kvenfólk og sofið hjá. Það hef ég ekki gert í mörg ár,” sagði hann alvarlegur í bragði.

Ég brosti hughreystandi til hans. Vissi ekki hvað ég gæti sagt. En hugsaði um stelpuna sem ég svaf hjá í lestinni á leið til borgarinnar. Við skelltum okkur bara inn á klósettið og gerðum það þar.

Fas síðhærða og skeggjaða mannsins breyttist skyndilega, eins og hann hefði skynjað eða hreinlega lesið hugsanir mínar og misboðið þær. Hann yti stólnum harkalega aftur og reis snögg á fætur. Augu hans sem áður höfðu verið mild og blíð, allt að því sorgleg, hörðnuðu og urðu reiðileg. Hann togaði í skegg sitt og hár sem virtist hvort tveggja losna af við það, beindi

höndum sínum ógnandi að mér og þá var sem bæði skeggið og hárið yfirfærðist á mig. Eins og það festist á mér, þar sem ég sat þreyttur og lúinn í stólnum.

Hann var nú bæði orðinn skegg- og hárlaus en ég kominn með meira hár og síðara skegg en ég hafði nokkurn tíma haft áður.

Hann snerist á hæli og gekk út um aðrar dyr en þær sem við höfðum komið inn um.

Ég fór hins vegar út um þær og inn í salinn stóra á ný. Þar sem ég settist í hásetið og naut þess að leyfa fólkinu að horfa á mig.

Fólkinu mínu sem dýrkar mig og dáir.

TRÉN Í SKÓGINUM

Honum fannst trén í skóginum tignarlegri en oft áður, eins og þau stæðu beinni og væru jafnvel hærri en venjulega. Þetta þótti honum reyndar undarlegt, því hann hafði farið þennan sama stíg kvöldið áður.

Þegar hann gekk heim á leið.

Hve skynjunin getur blekkst mann, hugsaði hann með sér, meðan hann horfði á trén og hélt áfram ferð sinni um skóginn með farminn á bakinu.

Hann þekkti orðið leiðina undur vel, því hann fór hana tvisvar á dag, fyrst að morgni og síðan að kvöldi til baka, og hafði gert í mörg ár. Í hvert einasta sinn virti hann trén lítillaga fyrir sér en þetta var í fyrsta skipti sem honum fannst þau öðruvísi en venjulega.

Beinni og hærri.

Jafnvel í gærkvöldi voru þau minni og kræklóttari.

Hann var sannfærður um það.

Þegar hann var kominn á leiðarenda og búinn að skila byrði sinni af sér, hafði hann orð á þessari breytingu á skóginum en aðrir hlógu að honum og sögðu þetta vitleysu.

„Annað hvort ertu fullur eða þú hefur fengið högg á höfuðið,” sögðu þeir, „skógurinn hefur ekki breyst hið minnsta síðan í gær. Hann er nákvæmlega eins og hann hefur alltaf verið. Hafi hann breyst eitthvað, er það bara í höfðinu á þér.”

Hann sneri sneypur heim á leið um kvöldið.

Í þeirri litlu skímu sem eftir lifði sá hann að skógurinn var eins og um morguninn: trén voru bein, há og tignarleg.

Þetta var síðasta ferð hans um skóginn.

STAÐUR

Í rifrildinu miðju sem var heiftarlegra en venjulega, skellti hann útidyrnum harkalega á eftir sér og hélt einn út í nóttina.

Hún stóð eftir með ósögð orð á vörunum.

Hann ranglaði stefnulaust um og hét því að snúa aldrei aftur.

Áður en hann vissi af var hann þó kominn til baka.

En allt var horfið.

Það var ekkert eftir. Rétt eins og aldrei hefði neitt staðið á þessum stað.

Í loftinu lágu einungis ósögð orð hennar, sem hann þráði nú svo ákaft að heyra, og sannfærðu hann um að hann væri á réttum stað.

Sama stað.

ÚR SKUGGANUM

Þegar mennirnir tveir höfðu staðið í skugganum um aldir voru þeir reknir burt því skugginn var eina óbyggða svæðið sem eftir var í þessum hluta borgarinnar og í hann vantaði fleiri hús.

Þeir urðu því að færa sig.

Varlega stigu þeir fram úr skugganum, eins og þeir væru hræddir.

Sólin skein hátt á lofti enda var þetta einn heitasti dagur í borginni í manna minnum.

Um leið og þeir stigu fram í dagsljósið varpaði sólin sterkum geislum sínum beint í augu þeirra, svo þeir blinduðust og gátu ekki farið neitt til að finna sér annan stað til að dveljast á. Þeir stóðu því kyrrir frammi fyrir mannföldanum sem kominn var til að fylgjast með er þeir kæmu fram úr skugganum.

Á enni mannanna tveggja birtust svitadropar. Fáeinir í fyrstu en urðu sífelld fleiri og fleiri og láku niður andlit þeirra.

Hraðar og hraðar.

Andlit þeirra runnu brott með svitadropunum. Búkarnir fylgdu svo í kjölfarið, þar til ekkert var eftir af þeim nema svitafljótið sem rann í stríðum straumum niður götuna og út í sjó.

Og mannfjöldinn fylgdist agndofa með.

MAÐUR Í VEGKANTI

Þannig háttar til hjá mér að ég bý nokkuð langt frá vinnustað mínum og þarf því að keyra til og frá vinnu á hverjum degi. Þessum ferðalögum hef ég vanist enda búinn að vinna á sama staðnum í mörg ár og þykir þetta ekkert tiltökumál lengur.

Jafnvel ekki yfir vetrartímann.

Er enda á góðum bíl. Stórum jeppa sem ég fékk mér fyrir nokkrum árum. Hann kemur mér hratt og örugglega milli staða.

Dag nokkurn þegar ég var á leið til vinnu minnar, tók ég allt í einu eftir því að vegurinn hafði breyst. Í stað malbiksins var ég kominn á malarveg, að vísu nokkuð góðan malarveg, en hann var eigi að síður þurr og rykugur.

Ég velti fyrir mér hvort ég hefði beygt óvart útaf veginum án þess að taka eftir því. Er stundum svo annars hugar þegar ég ek þessa leið, sem er kannski ekkert skrítið eftir að hafa farið hana svona oft. En þegar ég leit kringum mig og sá kunnuglegt umhverfið, sannfærðist ég um að ég væri á réttri leið og hefði hvergi beygt útaf aðalaveginum.

Meðan ég rýndi gegnum rykmökkinn sem var meiri en svo að hann gæti einungis komið frá mínum eigin bíl, varð mér litið út í hægri kantinn og sá þar rauða línu eða strik sem minnti þó meira á brotna miðlínu heldur en heila.

Veit svo sem ekki alveg hvað fangaði athygli mína við þessa rauðu slóð en hugsaði ekki meira um hana í bili.

Ekki fyrr en ég sá manninn sem skreið á fjórum fótum í vegkantinum. Þá áttaði ég mig á að þetta var blóð sem rann úr sárum á fótum hans og höndum.

Ég hægði á mér þegar ég fór framhjá honum. Það hvarflaði meira að segja að mér að stoppa þegar ég sá hann og forvitnast um ferðir hans. En ákvað að láta það ógert, þegar ég sá einbeitningarvipinn og ákveðnina sem skein úr andliti hans.

Svo ég hélt áfram ferð minni. Jók hraðan þegar ég var kominn framhjá honum og jós yfir hann rykmekki.

Þegar ég fór heim um kvöldið sá ég hvergi manninn sem skreið í vegkantinum og vegurinn var aftur orðinn malbikaður eins og hann á að vera.

Á stöku stað sýndist mér ég þó sjá glitta í rauða flekki í vegarkantinum.

En athugaði það ekki nánar.

BÓKIN

Tek bókina úr hillunni, opna hana og legg á gólfíð. Hún opnast á síðum þrjátíu og tvö og þrjátíu og þrjú.

Ég stíg á hana, set vinstri fótinn á fyrri síðuna, þann hægri á hina. Set hendur niður með síðum og finn hvernig ég sekk inn í bókina, sem líkt og sagnar mig inn í sig og gleypir mig. Þegar ég er allur horfinn inn í hana kemur bókavörðurinn sem hefur fylgst með mér og veit hvað ég er að gera, tekur bókina upp af gólfinu, lokar henni og setur hana á sinn stað í hilluna.

Löngu síðar gengur bókavörðurinn að hillunni aftur, tekur bókina út, opnar hana og leggur á gólfíð, svo ég geti enn á ný stigið upp úr henni.

Veit þó aldrei hvar ég verð staddur í bókinni þegar það gerist og bókavörðurinn ekki heldur. Hann þarf því að fletta fram og aftur þar til hann finnur mig.

Vill til að hún er ekki mjög löng.

HELLIRINN

Maðurinn vaknaði nótt eina og fann löngun til að fara út að ganga. Hann undraðist þessa gríðarsterku löngun, þar sem hann hafði aldrei verið neinn sérstakur göngumaður, leiddist það frekar en hitt, og var heldur enginn næturgöltrari.

En þessi löngun var svo sterk að hann stóðst ekki mátið. Hann klæddi sig í hlý föt og góða skó sem hann fann inni í skáp.

Vetrarkuldinn tók á móti honum þegar hann kom út.

Hann gekk af stað og brátt stefndi hann upp fjallshlíð. Fór ótroðnar slóðir, óð snjóinn upp að hné í hverju skrefi. En ekki kom til greina að gefast upp og snúa við. Hann varð að halda áfram. Þrátt fyrir myrkrið virtist hann sjá hvert hann gekk og innst inni hafði hann óljósa hugmynd um hvert hann stefndi.

Eftir langa mæðu kom hann að klettum og brátt greindi hann hellisop skammt frá sér. Hann stefndi þangað líkt og hann væri togaður í áttina að því.

Þegar hann kom inn í hellinn heyrði hann mikla háreysti og sá eldsbjarma sem flökti um hellisveggina. Hann nam staðar framarlega í hellinum en hélt svo áfram lengra inn í hann. Eftir fáein skref kom hann auga á eld sem logaði glatt. Á hellisgólfinu umhverfis eldinn sat hópur fólks sem spjallaði saman eða söng söngva sem hann kannaðist ekki við en hljómuðu samt sem áður kunnuglega.

Gömul kona tók eftir honum, stóð á fætur og gekk til hans og um leið þagnaði fólkið, svo ekkert heyrðist nema snarkið frá eldinum.

„Loksins ertu kominn,“ sagði gamla konan við manninn. „Eldurinn sagði reyndar að þú hefðir átt að koma í gær. En slíkar yfirsjónir eru fyrirgefnar

enda erum við umburðarlynd.”

Maðurinn hlustaði á konuna og kinkaði kolli.

„Nú skalt þú,” hélt hún áfram, „fá þér sæti við eldinn hjá hinum, þar sem þér er ætlaður staður.”

Maðurinn sá strax hvar hans staður var, gekk þangað og settist.

Hann átti ekki annara kosta vö.

MAÐUR FER INN Í HÚS

Ég var rétt að koma heim að húsinu mínu þegar ég sá á eftir manninum inn í húsið. Horfði á hann stíga út úr bílnum sem var alveg eins og minn bíll, sá sem ég var í sjálfur, og ganga að tröppunum. Grípa með vinstri hendi um handriðið, eins og ég er vanur að gera, lyfta hægri fæti fyrst upp í fyrstu tröppuna.

Eins og ég geri alltaf.

Ég stöðvaði bílinn og horfði á manninn ganga upp tröppurnar að húsi mínu. Og mér fannst ég vera að horfa á sjálfan mig koma heim. Ekki einungs var bíllinn á stæðinu eins og minn og göngulagið það sama, heldur sá ég ekki betur en fötin sem hann klæddist væru nákvæmlega eins og þau sem ég var í.

Bláar gallabuxur og ljós jakki.

Reyndar sá ég ekki framan í hann, svo ég get ekki fullyrt að þetta hafi verið ég sem gekk upp tröppurnar en líkindin voru svo sláandi að ég vissi hreinlega ekki hvað ég átti til bragðs að taka.

Vissi þó að heim gat ég ekki farið.

Gat ekki gengið inn í húsið og átt á hættu að standa augliti til auglitis frammi fyrir sjálfum mér.

Því setti ég bílinn í gír og keyrði af stað, framhjá húsinu mínu og eitthvert út í borgina.

Ók stefnulaust um og vissi innst inni að búið var að stela lífi mínu.

Fyrr en varði var ég kominn út fyrir borgina.

Ég átti mér ekkert líf lengur. Ókunnur maður í minni eigin mynd hafði gengið inn í hús mitt og stolið lífi mínu, sem ég gæti aldrei endurheimt.

Ég hrökk upp þegar ég var kominn inn á fáfarinn sveitaveg við það að bílinn fór að hökta og hiksta.

Ég áttaði mig strax á hvað var að gerast.

Svo til til um leið og ég leit á bensínmaelinn drap hann á sér og ég vissi að ekki þýddi að reyna að starta honum á ný.

Og hér sit ég, einn á bensínlausum bíl, fjarri mannabyggðum og hef ekki hugmynd um hvað ég á að gera.

Eina sem ég veit er að ókunnur maður í mínu eigin líki hefur rænt lífi mínu sem ég mun aldrei enduheimta.

Ég opna bílhurðina og stíg út í rigninguna sem rennbleytir mig á skammri stundu.

Man eftir klettum hátt uppi í fjallinu og stefni í átt að þeim. Þar verður tekið vel á móti mér

Er sannfærður um það.

EYÐIBÝLIÐ

Fáfarinn vegurinn hlykkjast um fjallið og þegar hún kemur út úr einni beygjunni sér hún gamalt eyðibýli framundan.

Húsið stendur enn. Háreist. Þó skellur séu komnar hér og hvar í málninguna má sjá að það hefur einhverntíma verið hvítt. Rúðurnar brotnar og sjálfsagt hvín vindurinn og gnauðar í húsinu.

Hún hugsar með sér að ekki væri nú gaman að dveljast þarna inni á dimmri og kaldri óveðursnótt.

„Nei, það er ekki gaman,” finnst henni sagt við hlið sína. „Enda húsið fullt af draugum,” nemur hún frá sömu rödd.

„Og brátt verður þú einn af þeim.

Ein af okkur.”

Hún finnur þá eins og tekið sé í stýrið og bíllinn stefnir útaf.

Flýgur í átt að gamla eyðibýlinu sem hún veit að verður sitt framtíðarheimili.

Að eilífu.

HORFIR

Enn á ný kominn morgun.

Ég stend við gluggann og horfi út. Á fólkið sem hraðar sér framhjá. Ýmist á leið til vinnu eða úr vinnu.

Enginn lítur í átt til mín. Þó vita allir af mér. Það veit ég. Og fólk dauðlangar sjálfsagt að líta í áttina til mín. Gjóa augunum hingað upp á gluggann minn til að vita hvort það komi auga á mig. En leggur ekki í það.

Þannig var það þegar ég var lítil.

Við vissum öll hvar maðurinn hafði verið myrtur og að hann sást oft í glugganum. En aldrei þorðum við að líta upp til hans. Hann gæti verið að horfa á okkur.

Sumir sögðust hafa séð hann. Þóttust hafa haft kjark til að líta upp í gluggann og jafnvel horfa í augu hans. Sögðu hann hvíthærðan og skeggjaðan og í svörtum fötum. Og augun í honum væru hræðileg. Þeir hefðu ekki sofið þrjár nætur á eftir.

Ég veit að þetta er ekki satt. Vissi það strax. Það þorði enginn að horfa upp í gluggann til hans. Ekki frekar en upp til mín núna.

Morgunumferðinni á götunni fyrir neðan er lokið. Aðeins einn og einn sem er seinn fyrir. Svaf of lengi.

Ég sný mér frá glugganum, hlamma mér í stólinn og stari á gluggann.

Kvöld nokkurt að áliðnu sumri, þegar farið var að rökkva, þó ekki væri

orðið aldimmt, var ég á heimleið.

Gekk framhjá húsinu.

Þá rifjaðist upp fyrir mér sagan af manninum myrta í glugganum.

Ég hló að þessari sögu enda vaxin upp úr því að trúá á draugasögur. Til að sanna það fyrir sjálfri mér leit ég upp í gluggann.

Stóllinn er gamall hægindastóll. Hér er allt gamalt nema ég.

Hann stóð við gluggann og horfði á mig. Hann var ekki gamall og svartklæddur, heldur miðaldra og í ljósum buxum og jakka. Skegglaus.

Ég sá ekki betur en þetta væri virðulegur miðaldra maður.

Hann horfði stíft á mig. En augnaráð hans var róandi og þægilegt, allt að því blítt. Alls ekki ógnandi.

Ég gat ekki haft augun af honum og eftir góða stund var eins og hann benti mér á að koma til sín. Án þess þó að hreyfa sig. Ég fann það einungis á augum hans að hann vildi að ég kæmi til sín.

Dagurinn líður hægt þar sem ég sit í stólnum, horfi á gluggann og bíð þess að rökkvi svo ég geti farið aftur að glugganum og fylgst með fólkinu halda heim úr vinnunni.

Ég gekk að útidyrnum og opnaði, þær voru ólæstar. Gekk upp stigana. Það var eins og eitthvað vísaði mér leið til hans. Ég hafði auðvitað aldrei komið inn í þetta hús en samt vissi ég nákvæmlega hvert ég átti að fara.

Hann hafði snúið sér frá glugganum og stóð á miðju gólfi í herberginu þegar ég kom inn. Sagði ekki orð en benti mér á að setjast í hægindastólinn.

Það hefði ég aldrei átt að gera.

En gerði samt og vissi á sama augnabliki að við höfðum skipt um hlutverk.

Fann að ég var föst í stólnum en hann gekk út í líkama mínum.

Dagurinn líður.

Brátt fer að verða tímabært að standa við gluggann og fylgjast með fólkinu sem drífur sig heim úr vinnunni.

Athuga hvort ég nái augnsambandi við einhvern svo ég losni hédan.

HURÐIN SEM EKKI VAR

Í heimsókn til mín kom eitt sinn hinn þekkti og ágæti maður Sigurjón Hafsteinsson, sem, eins og flestir vita, var þekktur fyrir að sjá og heyra fleira en aðrir menn.

Eftir að við höfðum drukkið kaffi í eldhúsinu, spjallað saman um tíðarfarið, búskaparhætti og annað þesslegt, bar Sigurjón upp erindi sitt. Hann óskaði þess að fá að líta á gamla bæjarstæðið, sem var talsvert ofar í hliðinni en núverandi bæjarhús. Hann sagði sig langaði aðeins að sjá hvernig þar væri umhorfs.

Þess ber að geta að gamli bærinn var jafnaður við jörðu fyrir talsvert löngu síðan, aðeins steynsteypt platan og tvær tröppur sem áður fyrr lágu að útidyrnum, stóðu eftir.

Það var ekkert nema sjálfsagt að hann fengi að líta á þessar rústir. Ég bauðst til að ganga með honum og þáði hann það með þökkum.

Þegar við komum að gamla bænum gekk ég upp tröppurnar tvær, stóð á plötunni og hóf að útskýra herbergjaskipan fyrir Sigurjóni.

Hann kom á eftir mér upp tröppurnar, staðnæmdist á pallinum, lyfti annarri hendinni og sló þrisvar í loftið með krepptum hnefa.

Líkt og hann dræpi á dyr. Eftir skamma stund færði hann sig ögn aftar, eins og til að víkja sér undan hurð sem opnast út.

En þannig opnaðist einmitt hurðin á gamla bænum.

Sigurjón steig innfyrir. Rétti út hægri hönd sína og hristi hana ákaft, sem hann heilsaði einhverjum. Munnur hans gekk upp og niður líkt og hann væri í hrókasamræðum.

Þó greindi ég ekki orðaskil, stóð aðeins kyrr í sömu sporum og fylgdist með.

Þessu fór fram um hríð.

Að lokum lyfti Sigurjón hönd að húfu sinni og veifaði í kveðjuskygni. Snerist á hæli og líkt og opnaði dyrnar sjálfur. Gekk svo út og niður tröppurnar.

Þá var eins og bráði af honum og hann tók eftir mér.

Sagði þetta hafa verið athyglisverða heimsókn og hann hafi fengið að vita það sem hann var á höttunum eftir.

Ekki vildi hann segja mér hvað það var.